



Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2021

Mai 2022

Efnisyfirlit

| | | | |
|---|---|--|----|
| Ávarp framkvæmdastjóra | 3 | Útgáfa | 9 |
| Hlutverk Jafnréttisstofu | 4 | Vefsíðan jafnretti.is | 9 |
| Fjárhagur | 5 | Veggspjald | 9 |
| Starfsfólk | 5 | Tryggjum lýðræðislega þátttöku | 9 |
| | | Leiðbeiningar | 9 |
| Eftirlit | 6 | Samstarfsverkefni | 10 |
| Jafnlaunavottun | 6 | Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu | 10 |
| Jafnlaunastaðfesting | 6 | Diversity inside out | 10 |
| Jafnréttisáætlanir | 7 | Karlar og #églika | 10 |
| Þátttaka kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum | 7 | Fleiri konur í sveitarstjórnir | 10 |
| Nefndaskipan stjórnarráðsins | 7 | Kynjajafnrétti á norðurslóðum | 10 |
| | | Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal | 10 |
| Ráðgjöf og aðstoð | 7 | Women making waves | 10 |
| Erindi frá einstaklingum | 7 | | |
| Umsagnir um þingmál | 7 | Samstarfshópar | 11 |
| Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir | 8 | Stýrihópur forvarnaáætlunar | 11 |
| Erindi, greinar og viðtöl | 8 | Ofbeldi og mansal | 11 |
| Móttökur gesta | 8 | Framkvæmd Istanbúl-samningsins | 11 |
| Fundir um lög um jafna meðferð | 8 | Starfshópur um kyngreinda tölfræði | 11 |
| Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga | 8 | Undirbúningsnefnd jafnréttisþings | 11 |
| Námskeið | 9 | NING – Norrænt upplýsinganet um kyn | 11 |
| | | Valnefnd jafnréttisviðurkenninga | 11 |
| | | Velferðarvaktin | 11 |

Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2021 var að mörgu leyti viðburðaríkt ár hjá Jafnréttisstofu og fól í sér töluverðar breytingar. Þar ber fyrst að nefna að í upphafi ársins tóku gildi ný jafnréttislög. Lögnum er nú skipt upp í annars vegar lög um stjórnýslu jafnréttismála og hins vegar lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Meðal nýmæla í lögnum er aukið eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu með því að fyrirtæki og stofnanir öðlist jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu sem nú býðst sem valkostur, í stað jafnlaunavottunar, þeim fyrirtækjum þar sem starfa 25-49 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Þetta felur í sér umtalsverðar breytingar á áherslum í starfsemi Jafnréttisstofu. Til þess að geta þjónustað viðskiptavinum sem best var opnuð þjónustugátt sem er til þess ætluð að tryggja örugga móttöku gagna vegna jafnlaunastaðfestingar og jafnlaunavottunar. Önnur nýmæli í lögnum voru bættar skilgreiningar hugtaka og bann við fjölþættri mismunun auk þess sem gerðar voru breytingar á skipan jafnréttisráðs og starfsháttum kærunefndar jafnréttismála.

Snemma árs 2022 barst stofnuninni tilkynning um að hún hefði hlotið nafnbótina Stofnun ársins 2021 í flokki stofnana með færri en 40 starfsmenn. Jafnframt var Jafnréttisstofa í fyrsta sæti yfir heildina. Valið á Stofnun ársins fer fram með könnun sem lögð er fyrir starfsfólk ríkisstofnana ár hvert. Jafnréttisstofa kom einnig mjög vel út í þjónustukönnun sem gerð var meðal forstöðumanna ríkisstofnana á árinu 2021 og mældist yfir meðaltali á öllum þjónustubáttum og var ýmist hæst eða næsthæst þeirra stofnana sem könnunin náði til.

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahópnum á árinu og m.a. bættist við eitt stöðugildi vegna aukinna verkefna í kjölfar nýrra jafnréttislaga. Gera þurfti töluverðar breytingar á húsnaði stofnunarinnar til þess að útbúa viðunandi vinnuástöðu fyrir starfsfólk.

Jafnréttisstofa réð í fyrsta skipti í nokkur ár sumarstarfsmann sem síðan hélt áfram sem starfsnemi í meistaranámi í kynjafræðum til áramóta.

Jafnréttisstofa hefur því á 21. starfsári sínu haldið áfram að þroskast og dafna með þeim verkefnum sem henni hafa verið falin. Þær viðurkenningar sem stofnunin hefur hlotið gefa starfsfólkinu svo sannarlega byr undir báða vængi í hinum daglegu og krefjandi verkefnum sem það fæst við.



Katrín Björg Ríkarðsdóttir,
framkvæmdastjóri

Hlutverk Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa annast stjórnýslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018.

Hlutverk Jafnréttisstofu er skilgreint í 4. gr. laga um stjórnýslu jafnréttismála nr. 151/2020. Verkefni sem stofnunin annast á grundvelli laga um jafnréttismál eru að:

Hafa eftirlit með framkvæmd laganna

Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði jafnréttismála


Veita ráðgjöf og aðstoð á sviði jafnréttismála

Koma á framfæri við ráðherra og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að stuðla að auknu jafnrétti, t.d. um sértækar aðgerðir á sviði jafnréttismála

Hvetja til virkrar þátttöku á sviði jafnréttismála, m.a. aukinnar aðkomu karla að kynja- og jafnréttisstarfi

Fylgjast með þróun jafnréttismála í samfélaginu, svo sem með upplýsingaöflun og úttektum og hafa frumkvæði að því að gerðar verði skýrslur, kannanir eða rannsóknir á sviði jafnréttismála

Vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna



Vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á vinnumarkaði; sérstök áhersla skal lögð á að vinna gegn launamisrétti á grundvelli kyns, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

Leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laganna, ef Jafnréttisstofa telur tilefni til

Vinna gegn neikvæðum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem og neikvæðum staðalímyndum byggðum á kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu

Hafa umsjón með umsýslu jafnlaunavottunar og jafnlaunastaðfestingar, sbr. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, annast eftirlit með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu, sbr. 10. gr. sömu laga, og veita jafnlaunastaðfestingu, sbr. 8. gr. sömu laga

Vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra

Fjárhagur

Fjárheimildir Jafnréttisstofu á árinu voru sem hér segir:

| | |
|---------------------------------------|-------------|
| Framlag ríkissjóðs | 136.959.670 |
| Sértekjur | 24.807.812 |
| Flutt frá fyrra ári (verkefnastyrkur) | 7.679.779 |
| Laun og launatengdur kostnaður | 108.898.654 |
| Húsnæði | 16.107.543 |
| Annar kostnaður | 28.049.838 |
| Niðurstaða ársins | 8.245.673 |

Starfsfólk

| Nafn | Starfsheiti | Ráðningarár |
|---------------------------------------|-----------------------------|-----------------|
| Anna Lilja Björnsdóttir | Sérfræðingur | 2021 |
| Arnfríður Aðalsteinsdóttir | Sérfræðingur | 2008 |
| Bryndís Elfa Valdemarsdóttir | Sérfræðingur | 2013-2015, 2021 |
| Erla Hrönn Unnsteinsdóttir | Sumarstarfsmaður/starfsnemi | 2021 |
| Hjalti Ómar Ágústsson | Sérfræðingur | 2018-2019, 2020 |
| Jón Fannar Kolbeinsson | Lögfræðingur/sviðsstjóri | 2018 |
| Katrín Björg Ríkarðsdóttir | Framkvæmdastjóri | 2000-2003, 2017 |
| Kristín Ólafsdóttir Önnudóttir | Sérfræðingur | 2018 |
| Tryggvi Hallgrímsson | Sérfræðingur | 2009 |
| Úlfhildur Jóna Ásdísar Þórarinsdóttir | Rekstrarstjóri | 2017 |


Eftirlit

Jafnlaunavottun


Frá ársbyrjun 2018 hefur fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli verði skylt að öðlast vottun á jafnlaunakerfum sem uppfylla kröfur staðalsins ÍST85.

Jafnréttisstofa annast eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir öðlist jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu og veitir þeim fyrirtækjum og stofnunum sem hlotið hafa vottun heimild til að nota jafnlaunamerki og heldur einnig skrá yfir fyrirtæki sem öðlast hafa vottun. Jafnréttisstofa veitir vottunarstofum bráðabirgðastarfsleyfi skv. reglugerð nr. 1030/2017.

Fjöldi aðila sem á að hafa lokið jafnlaunavottun í árslok 2021



Staða jafnlaunavottunar í árslok 2021



Jafnlaunastaðfesting

Með nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna hafa fyrirtæki þar sem starfa 25 til 49 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli val um það hvort þau öðlist jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu. Þau fyrirtæki sem velja að öðlast jafnlaunastaðfestingu skila gögnum til Jafnréttisstofu sem metur hvort þau sýna fram á með fullnægjandi hætti að jafnlaunakerfi og framkvæmd þess mismuni ekki í launum á grundvelli kyns.

Jafnréttisáætlanir

Frá árinu 2008 hefur hvílt lagaskylda á fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli um að setja sér jafnréttisáætlun. Með tilkomu jafnlaunavottunar og jafnlaunastaðfestingar eru jafnréttisáætlanir órjúfanlegur hluti af þeim ferlum. Það nýmæli er í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 að Jafnréttisstofa þarf að samþykkja jafnréttisáætlun svo hún öðlist gildi.

Allt árið stóð yfir innköllun á jafnréttisáætlunum hjá fyrirtækjum með 250 starfsmenn og fleiri en þessi fyrirtæki voru síðast í innköllun árið 2018. Innköllunin náði til 45 fyrirtækja og í árslok 2021 höfðu 44 (98%) skilað fullgildri áætlun. Árið 2022 þurfa 21 fyrirtæki í þessum flokki að endurnýja jafnréttisáætlanir sínar og 14 fyrirtæki árið 2023. Einnig skiluðu 12 opinberar stofnanir fullgildum jafnréttisáætlunum án innköllunar Jafnréttisstofu.

Í ágúst 2021 hófst innköllun jafnréttisáætlana frá fyrirtækjum með 50 til 89 starfsmenn og náði innköllunin til 212 fyrirtækja. Í ferlinu fækkaði fyrirtækjunum um 22 þar sem þau ýmist fundust ekki, voru skráð gjaldþrota eða reyndust vera með færri en 25 starfsmenn. Eftir stóðu þá 190 fyrirtæki. Í árslok 2021 höfðu 166 (87%) fyrirtæki af þessum 190 skilað Jafnréttisstofu fullgildri jafnréttisáætlun þar af 33 dótturfélög (20%) en jafnréttisáætlun móðurfélags getur einnig gilt fyrir dótturfélög. Tuttugu og fjögur (13%) fyrirtæki eru með lokafrest til 1. febrúar 2022 en þá lýkur innköllun hjá þessum hópi.

Þátttaka kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnunum

Skv. 28. gr. laga nr. 150/2020 skal við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Nefndaskipan stjórnarráðsins

Jafnréttisstofa kannar árlega stöðuna á nefndaskipan stjórnarráðsins og birtir í [sérstakri skýrslu](#) sem er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar.

Ráðgjöf og aðstoð

Erindi frá einstaklingum

Alls bárust 37 beiðnir um ráðgjöf frá einstaklingum sem töldu á sér brotið skv. þeim lögum sem stofnunin hefur eftirlit með.

Umsagnir um þingmál

Einungis ein umsögn um þingmál var send Alþingi.

Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir

Erindi, greinar og viðtöl

Starfsfólk Jafnréttisstofu hélt á annan tug erinda á námskeiðum, fundum, málþingum og ráðstefnum á árinu. Einnig var nokkuð um að starfsfólk veitti innlendum og erlendum fjölmiðlum viðtöl ásamt því að veita viðtöl vegna nemendaverkefna.

Móttökur gesta

Gestakomur glæddust örlítið með tilslökun samkomutakmarkana og tók starfsfólk Jafnréttisstofu m.a. á móti jafnréttisfulltrúum háskólanna, starfsfólki mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar, fulltrúum úr stjórn Félags kvenna í atvinnulífinu og starfsfólki skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu.


Fundir um lög um jafna meðferð

Á árinu hélt Jafnréttisstofa fundi um lög um jafna meðferð nr. 85/2018 og 86/2018 með ýmsum hagsmunaaðilum og stéttarfélögum. Alls urðu fundirnir 10 talsins.

Fundarefnið fólst í umræðum um lögin og þau mál sem kærunefnd jafnréttismála hefur fjallað um. Rætt var um fræðsluefni auk þess sem almennar umræður og vangaveltur voru um hvernig betur mætti koma löggjöfinni á framfæri.

Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga

Annað árið í röð var fundurinn með rafrænu sniði. Fundurinn var í umsjón Jafnréttisstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Afar góð þátttaka var á fundinum en hann sóttu 107 manns, 24 karlar og 83 konur.



Dagskráin var fjölbreytt. Farið var yfir ný jafnréttislög og helstu breytingar kynntar. Sérstaklega var fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til áætlana sveitarfélaga um jafnréttismál.

Fjallað var um menntun og skólastarf og eftirfylgni menntamálaráðuneytis hvað varðar jafnréttismál í skólastarfi.

Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni sem nær til árána 2021-2025 var kynnt og sérstaklega var farið yfir mikilvægt hlutverk sveitarfélaganna.

Samband íslenskra sveitarfélaga kynnti Jafnlaunastofu Sambandsins og Reykjavíkurborgar sem mun sjá um fræðslu, ráðgjöf og stuðning til sveitarfélaganna við framfylgd jafnlaunaákvæða laga.

Þá voru einnig kynntar frumniðurstöður verkefnis í Byggðaáætlun sem fjallar um atvinnuþátttöku og tekjumun eftir búsetu.

Námskeið

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var eingöngu boðið upp á námskeið á netinu.

Unnið var að gerð stuttra fræðslumyndbanda um jafnréttis-löggjöfina sem birt verða á vefsíðu stofnunarinnar.



Útgáfa

Vefsíðan jafnretti.is

Unnið var að uppfærslu á vefsíðu stofnunarinnar og gerðar útlitsbreytingar auk þess sem enski hluti síðunnar var uppfærður. Þess utan var þýðingartól tengt við vefsíðuna svo nú er hægt að þýða efni hennar yfir á fjölmörg tungumál með google translate.

Veggspjald

Veggspjald sem gefið var út á árinu 2020 til að vekja athygli á jafnréttislöggjöfinni á árinu var einnig gefið út á ensku og pólsku og dreift rafrænt til fyrirtækja, stofnana og hagsmunaaðila.

Tryggjum lýðræðislega þátttöku

Jafnréttisstofa gaf út gátlista um skipulagningu viðburða í því skyni að tryggja lýðræðislega þátttöku. Tilgangurinn er að bæta í verkfærakistu þeirra sem skipuleggja viðburði með það að markmiði að benda á leiðir til að styrkja lýðræðislega umræðu, fagna fjölbreytileikanum og fá sem flestar raddir til að heyrast.

Leiðbeiningar

Allar leiðbeiningar sem Jafnréttisstofa hefur gefið út vegna jafnréttisáætla og jafnlaunavottunar voru uppfærðar m.t.t. lagabreytingar. Einnig voru unnar sérstakar leiðbeiningar vegna jafnlaunastaðfestingar.

Samstarfsverkefni

Atvinnupátttaka og tekjumunur eftir búsetu

Eitt af verkefnum Bygðaaætlunar sem nær til árána 2018-2024 felst í því að skoða möguleika kvenna til atvinnupátttöku á landsbyggðinni. Jafnréttisstofa er framkvæmdaaðili verkefnisins fyrir hönd forsætisráðuneytis. Lokaskýrsla verkefnisins verður lögð fram vorið 2022.

Diversity inside out

Í árslok hófst vinna við Erasmus+ verkefni sem Jafnréttisstofa stýrir og vinnur í samstarfi við aðila í Hollandi. Í verkefninu verður lögð áhersla á mikilvægi fjölbreytileika á vinnumarkaði og hvernig stjórnendur, mannauðsstjórnar, starfsfólk og ráðgjafar innan fyrirtækja, stofnana og félaga geta virkjað fjölbreytileika innan skipulagsheilda starfseminni í hag.

Karlar og #églika

Í framkvæmdaaætlun í jafnréttismálum 2020-2023 er að finna aðgerð sem lýtur að vitundarvakningu um ábyrgð og hlutverk karla í tengslum við afhjúpanir um kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi. Jafnréttisstofa er framkvæmdaaðili verkefnisins fyrir hönd forsætisráðuneytis. Undirbúningur hófst á árinu 2021 og verður vitundarvakningu miðlað á samfélagsmiðlum á árinu 2022 ásamt því sem efnið verður nýtt í fræðslu Jafnréttisstofu til fyrirtækja og stofnana.

Fleiri konur í sveitarstjórnir

Jafnréttisstofa f.h. forsætisráðuneytis er framkvæmdaaðili verkefnis í Bygðaaætlun 2018-2024 sem snýst um að tryggja jöfn kynjahlutföll í sveitarstjórnnum eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2022. Undirbúningur verkefnisins hófst á árinu 2021 en staðið verður að hvatningarátaki til framboða um að huga að fjölbreytni, standa vörð um jafnan rétt allra kynja og stilla upp listum sem spanna vel fjölbreytt litróf mannlífsins.

Kynjajafnrétti á norðurslóðum

Áfram var unnið að þriðja áfanga fjölþjóðlegs verkefnis um kynjajafnrétti á norðurslóðum sem hófst á árinu 2019. Jafnréttisstofa er fulltrúi Íslands í verkefninu ásamt Norðurslóðanetinu, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og utanríkisráðuneytinu. Verkefnið er unnið með tilstyrk frá Norðurskautsráðinu og Norrænu ráðherranefndinni. Tilgangur verkefnisins er að auka sýnileika og skilning á mikilvægi kynjasjónarmiða á norðurslóðum.

Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal

Jafnréttisstofa er þátttakandi í verkefni ráðuneytis vinnumarkaðsmála í Portúgal sem hefur að markmiði að hanna samráðsvettvang um þróun jafnlaunakerfis á portúgölskum vinnumarkaði. Samstarfið felur í sér þátttöku í hönnun rannsóknar og kortlagningu þekkingar um jafnlaunamál í Portúgal ásamt samanburði við Ísland. Jafnréttisstofa ber ábyrgð á miðlun þekkingar um jafnlaunastaðalinn ÍST85 og ráðgjöf um reynslu Íslendinga af hönnun stjórnunarstaðals um jafnlaunakerfi. Verkefnið er styrkt af uppbyggingarsjóði EES.

Women making waves

Jafnréttisstofa leiðir Erasmus+ verkefni sem felst í því að hanna og þróa námskeið fyrir konur sem hafa áhuga á að komast til áhrifa í atvinnulífinu. Bygðastofnun er samstarfsaðili Jafnréttisstofu ásamt aðilum í Bretlandi, Grikklandi og á Spáni. Verkefninu mun ljúka á árinu 2022 með útgáfu námskeiða og leiðbeininga um stefnumótun í atvinnumálum sem stuðlar að jafnri þátttöku og tækifærum kynjanna á vinnumarkaði.

Samstarfshópar

Stýrihópur forvarnaáætlunar

Á árinu skipaði forsætisráðherra stýrihópur um framfylgd þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021-2025. Fulltrúi Jafnréttisstofu í hópnunum er varaformaður. Markmið með starfi stýrihópsins er að koma á samhæfðum vinnubrögðum, skýra ábyrgð, greina skörun og koma á góðu samstarfi ábyrgðaraðila við framfylgd áætlunarinnar.

Ofbeldi og mansal

Jafnréttisstofa er einn afsamstarfsaðilum Vörðu-rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins við vinnslu fræðslumyndbanda fyrir trúnaðarmenn. Annars vegar er um að ræða myndband um eðli og afleiðingar heimilisofbeldis með áherslu á hlutverk vinnustaða og samstarfsfólks í að skilja og bregðast við merkjum um heimilisofbeldi. Hins vegar verður lögð áhersla á fræðslu um mansal.

Framkvæmd Istanbúl-samningsins

Dómsmálaráðuneytið setti á árinu á stofn starfshóp um landsáætlun um innleiðingu Istanbúl-samningsins. Starfsmaður Jafnréttisstofu er varafulltrúi í hópnunum f.h. forsætisráðuneytisins.

Starfshópur um kyngreinda tölfræði

Jafnréttisstofa á fulltrúa í hópnunum sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra og forsætisráðherra á árinu 2020. Markmið með vinnu hópsins er að bæta yfirsýn yfir kyngreind tölfræðigögn og stuðla að því að söfnun og notkun á kyngreindum tölfræðigögnum hjá opinberum aðilum verði gerð með sambærilegum hætti. Þá er hópnunum falið að vinna handbók eða annars konar leiðbeinandi efni um kyngreinda tölfræði.

Undirbúningsnefnd jafnréttisþings

Skrifstofa jafnréttismála í forsætisráðuneytinu setti á stofn undirbúningsnefnd fyrir Jafnréttisþing sem halda skal á árinu 2022. Jafnréttisstofa á fulltrúa í nefndinni.

NING - Norrænt upplýsinganet um kyn

Jafnréttisstofa á aðild að norrænu upplýsinganeti um kyn (NING) sem m.a. heldur úti viðburðadagatalinu GenderKalenderN.

Valnefnd jafnréttisviðurkenninga

Fulltrúi Jafnréttisstofu sat í valnefnd sem sett var á laggirnar af forsætisráðuneytinu vegna veitingar jafnréttisviðurkenningar ráðherra jafnréttismála fyrir árið 2021.

Velferðarvaktin

Jafnréttisstofa á fulltrúa í velferðarvaktinni sem er samstarfsvettvangur félagasamtaka og stjórnvalda um almenna velferð á Íslandi.



Jafnréttisstofa · Borgum v/ Norðurlóð · 600 Akureyri
460 6200 · jafnretti@jafnretti.is · www.jafnretti.is